

Ár 2006, 30. nóvember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Barnaverndarstofu**

#### **I.**

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Verkefni kjararáðs er meðal annars að ákveða laun og starfskjör ríkisstarfsmanna, sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Í lögum er ekki kveðið nánar á um hverjir það eru, heldur er ráðinu sjálfu ætlað að skera úr um það til hverra ákvörðun þess um laun og starfskjör náí. Í ákvæði til bráðabirgða segir að allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar lögum um kjararáð tóku gildi skyldu sæta kjaraákvörðunum þess þar til kjararáð hefði ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skyldi framvegis ná út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna skuli ráðast með kjarasamningum þar sem því verður við komið. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða heyrir það því undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör forstjóra Barnaverndarstofu.

Kjararáði barst bréf dags. 4. október 2006 frá forstjóra Barnaverndarstofu þar sem hann óskaði eftir að kjör hans yrðu tekin til endurskoðunar. Í bréfinu sagði að tilefni erindisins væri einkum að mjög langt væri um liðið síðan mat á embætti því sem hann gegndi hefði verið framkvæmt í kjaralegu tilliti. Með nýjum barnaverndarlögum sem tóku gildi árið 2002 hefði stjórnsýsluleg ábyrgð stofnunarinnar verið aukin. Rekstrarumfang hennar hefði vaxið verulega á undanförunum árum og Barnaverndarstofu hefði verið falin ný ábyrgð með lögum um eftirlit með aðgengi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum sem tóku gildi 1. júlí sl. Þá taldi forstjórinn að starfskjör hans væru ekki í eðlilegu samræmi við starfskjör sambærilegra embætta að teknu tilliti til stjórnsýsluábyrgðar og rekstrarumsvifa svo og starfsskyldna umfram dagvinnu.

Með bréfum dagsettum 13. október 2006 gaf kjararáð félagsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna málsins. Svar dagsett 25. október 2006 barst frá fjármálaráðuneytinu. Frá félagsmálaráðuneytinu barst svar dagsett 30. október 2006 þar sem fram kom að ráðuneytið teldi mikilvægt að forstjóri Barnaverndarstofu nyti sambærilegra launa og aðrir forstöðumenn sem undir kjararáð heyra að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar sem störfunum fylgdi. Að auki taldi ráðuneytið rétt að höfð yrði hliðsjón af þróun launa hjá starfsmönnum ríkisins og benti í því sambandi á að laun starfsfólks í umönnunarstörfum hefðu hækkað umtalsvert á síðastliðnum árum og því væri ekki óeðlilegt að það yrði metið sérstaklega við ákvörðun launa forstjórans. Bent var á að starfsemi Barnaverndarstofu og þá sérstaklega sú starfsemi sem snýr að Barnahúsi hefði vakið mikla athygli víða um lönd og hefði forstjórinn verið beðinn um að kynna þá starfsemi víða erlendis.

Forstjórinn óskaði eftir að mæta fyrir ráðið og kom hann á fund þess 21. nóvember 2006 og gerði frekari grein fyrir erindi sínu. Í máli hans kom meðal annars fram að rekstrarformi Barnaverndarstofu hefði verið breytt, ríkisstofnanir hefðu verið lagðar niður og einkarekin fjölskylduheimili tekin upp sem gerðir væru þjónustusamningar við. Þá fylgdi starfinu mikið áreiti utan vinnutíma. Forstjórinn gerði einnig nokkra grein fyrir starfsemi Barnahúss og alþjóðlegu samstarfi.

#### **II.**

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er gerð grein fyrir starfsemi Barnaverndarstofu. Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn félagsmálaráðherra, sem skipar forstjóra, og annast stjórnsýslu á barnaverndarsviði. Hún skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs og vera félagsmálaráðherra til ráðgjafar um stefnumótun í málaflokknum, hlutast til um að fram fari þróunar- og rannsóknarstarf, hafa með höndum leiðbeiningar um túlkun og framkvæmd barnaverndarlaga og fræðslu og ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir og eftirlit með störfum þeirra. Barnaverndarstofa annast uppbyggingu og rekstur heimila og stofnana sem taka á móti börnum í bráðatilvikum, greina vanda þeirra og veita þeim sérhæfða meðferð. Hún fer með yfirstjórn þeirra en

getur falið öðrum rekstur þeirra á grundvelli þjónustusamnings. Hún hefur enn fremur yfirumsjón með vistun barna á þessum heimilum og stofnunum. Barnaverndarstofa annast leyfisveitingar til fósturforeldra, tekur ákvarðanir og veitir barnaverndarnefndum liðsinni í fósturmálum. Þá skal Barnaverndarstofa fylgjast með því að ákvæðum laga nr. 62/2006 um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum sé framfylgt, en lög in tóku gildi 1. júlí 2006.

### III.

Í 8. grein laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. grein laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. grein hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. grein laga um kjararáð segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafi verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skuli til viðmiðunar eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess taki til. Síðast var tekin sérstök ákvörðun um laun forstjóra Barnaverndarstofu árið 1999. Síðan hafa laun hans hækkað samkvæmt ákvörðunum kjaranefndar um almennar launahækkanir. Ný barnaverndarlög voru sett árið 2002. Á undanförunum misserum hafa orðið allmiklar breytingar á launum þeirra sem vinna umönnunarstörf. Þá hafa orðið breytingar á launum embættismanna sem kjararáð telur eðlilegt að laun forstjóra Barnaverndarstofu taki mið af, svo sem forstjóra Fangelsismálastofnunar og framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa málefna fatlaðra, eins og þeim störfum er nú háttað. Kjararáð telur því vera tilefni til endurskoðunar á launum forstjórans.

Með hliðsjón af framangreindu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjóra Barnaverndarstofu skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

### IV.

#### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2006 skulu mánaðarlaun forstjóra Barnaverndarstofu vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 131, nú 530.328 krónur. Að auki skal greiða honum 24 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 130, í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 5.124 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar. Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega. Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjaranefndar frá 18. júní 2003 þar til annað verður ákveðið.

---

Guðrún Zoëga

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Rannveig Sigurðardóttir